

BEURER yfirteppi HD-90

Mikilvægar upplýsingar (*Geymið til seinni tíma nota*)

Hitateppin eru framleidd af BEURER í Þýskalandi, sem hefur um 80 ára reynslu í framleiðslu á hitateppum og hitapúðum. Beurer vörur hafa verið í notkun á Íslandi í yfir 50 ár og reynst frábærlega vel. Með réttri notkun mun hitateppið endast um ókomin ár. Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar um meðferð teppisins sem rétt er að hafa í huga.

Lesið notkunarreglur vandlega

- Tengid hitateppið aðeins við uppgefna spennu (230 Volt)
- Stingid ekki nálum eða oddhvössum hlutum í teppið
- Rofi og kló mega ekki komast í snertingu við raka. Ekki nota teppið blautt
- Ekki toga, snúa upp á eða brjóta saman rafmagnssnúruna
- Ekki nota hitateppið á ósjálfbjarga einstaklinga, ungabörn eða þá sem skynja illa hita
- Raf og segulsvið sem koma frá þessu teppi gætu e.t.v. haft áhrif á gangráða. Þessi áhrif eru þó langt fyrir neðan leyfileg mörk; Styrkur rafsviðs; hámark 5000 V/m, styrkur segulsviðs; hámark 80 A/m, þéttleiki segulflæðis; hámark 0,1 millitesla. Hafið samband við lækni eða umboðsaðila gangráðsins, áður en þið notið þetta hitateppi
- Þessi hitateppi eru ekki ætluð til nota á sjúkrahúsum
- Vinsamlegast veitið athygli leiðbeiningum um hreinsun
- Aftengið hitateppið og komið því í geymslu á þurrum stað þegar það er ekki í notkun
- Skoðið hitateppið reglulega að utanverðu m.t.t. slits og skemmda. Ef slíkt er tilfellið skal láta fagmann yfirfara það. Viðgerð sem er ranglega útfærð getur orsakað umtalsverða hættu fyrir notandann.
- Ef snúran eða rofinn eru biluð verður að senda hitateppið til umboðsaðilans þar sem nauðsynlegt er að nota sérhæfð verkfæri til viðgerðanna.

Notkun

Ný tækni gerir það að verkum að hitateppið hitnar bæði fljótt og jafnt.

Kveikt og slökkt á teppinu; Veljið þá stillingu á rofanum, en með því er kveikt á teppinu og ljós kviknar á rofanum, sem sýnir að teppið er tengt við rafmagn. Á stillingu "0" er slökkt á því. Ef teppið er notað yfir nóttina mælum við með stillingum 1-3.

Teppið **slökkur sjálfkrafa á sér** eftir ca. 180 mínútur. Til að kveikja á því aftur verður fyrst að færa rofann yfir á "0" og kveikja síðan aftur á því eftir ca. 5 sekúndur. Athugið að ljósið logar á rofanum þótt slökkt hafi verið á teppinu. Það þarf að taka það úr sambandi við rafmagn til að ljósið slökkni.

Hreinsun og meðferð

Takið teppið ávallt úr sambandi við rafmagn áður en það er hreinsað. Hægt er að fjarlægja minniháttar bletti með tusku eða rökum svampi og má þá nota smávegis af mildum sápulegi. Vinsamlegast athugið að ekki má hraðhreinsa hitateppin.

Ef um meiriháttar bletti er að ræða má þvo hitateppið varlega í þvottavél og þá á þvottakerfi fyrir ca. 30°C hita og eingöngu með lágmarksvinduhraða og gætið þess að ekki má setja teppið í þurrkara eftir þvott. **Munið að hitateppið er rafmagnstæki og því má rofinn aldrei koma í snertingu við raka.** Áður en teppið er þvegið er snúran tekin úr sambandi við tengilinn í teppinu sjálfu. Togið snúrutengilinn úr tenglinum sem er í teppinu. Tengid snúruna ekki aftur við teppið fyrr en það er orðið algjörlega þurrt á ný. Til að þurrka það er best að hengja það yfir nokkrar snúrur eða slá og ekki festa það með þvottaklemmum. Ekki má nota það fyrr en það er orðið alveg þurrt á ný og **alls ekki má setja teppið í samband við rafmagn til að þurrka það.** Þegar teppið er sett í þvottavél er best að brjóta það fyrst tvisvar sinnum langsum og síðan nokkrum sinnum þversum og setja það þannig inn í þvottavélina. Ekki má vinda teppið í höndunum eftir þvott og ekki á að strauja það.

Vinsamlegast athugið að öll viðgerða og ábyrgðapjónusta er hjá umboðsaðilanum;